

Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

Hörðuvellir- Tröllakór. Breytt skipulagsmörk

Breyting skv. 1 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 166 þann 1. júlí 2024
ONE / 24061530

Greinargerð:

Vísað er í gildandi deiliskipulag Hörðuvellir- Tröllakór, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 14. september 2004 með síðari breytingum. Deiliskipulagssvæðið liggur í suður- jaðri Hörðuvalla sem er svæðið milli Rjúpnahæðar og Vatnsendahvarfs. Skipulagssvæðið er hluti af heildarskipulagi alls Vatnsendasvæðis og er um 7 ha að flatarmáli. Svæðið afmarkast nánar af Vatnsendavegi til norðurs, ípróttasvæði til austurs og opnu svæði og hesthúsabyggð til suður og suðausturs. Í vestur eru sveitarfélagsmörk Garðabæjar og Kópavogs. Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af mörkum skipulagssvæðisins til suðurs og suðvesturs.

Rök fyrir breytingunni:

Mörk skipulagssvæðis Hörðuvalla- Tröllakórs og Kjóavalla skarast og mikilvægt er að leiðrétta og aðlaga skipulagsmörk þessa tveggja skipulagslaga hvort að öðru. Samhliða þessari breytingu er kynnt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla á svæði sem er innan þessara tveggja umræddu deiliskipulagslaga, nánar tiltekið á svæði sem er skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem opið svæði OP-5.10. Breyting þessi er liður í að leiðrétta skörunina.

Tillaga að breytingu:

Breytingin felst í því að aðlaga mörk skipulagssvæðisins til suður og suðvesturs að mörkum aðliggjandi deiliskipulagssvæðis Kjóavalla. Skipulagssvæðið fer úr um 7 ha að flatarmáli í um 6 ha að flatarmáli. Göngustígur suðaustan megin við Tröllakór verður innan skipulagsmarka Hörðuvalla- Tröllakórs.

Möguleg umhverfisáhrif:

Umhverfisáhrif vegna breyting á mörkum skipulagssvæðisins eru talin óveruleg miðað við gildandi deiliskipulag.


TILLAGA BREYTT DEILISKIPULAG KYNNINGUPPDRÁTTUR

Skýringar


- Byggingarreitur
- Ytri byggingarreitur
- Byggingarreitur bílgeymslu
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Flatarmál lóða
- Fjöldi hæða og kjallari
- Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara
- Kvæð um trjágróður
- Opið svæði
- Manir, hæð um 2,5 metrar
- Göngustígur

Kópavogi, dags

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi



Hluti úr samþykktu deiliskipulag: Hörðuvellir- Tröllakór m.s.br. í mkv. 1:2000
Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 14. september 2004.



Tillaga - Breytt deiliskipulag: Hörðuvellir- Tröllakór í mkv. 1:2000